

Kjarasamningur

milli

Rafiðnaðarsambands Íslands og Félags iðn- og tæknigreina

og

Verne Global hf.

1. gr.

Gildissvið og markmið

Samningur þessi nær til iðnlærðra félagsmanna í aðildarfélögum RSÍ og FIT sem starfa hjá Verne Global hf.

Að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum fer um réttindi og skyldur starfsmanna skv. kjarasamningi SA við hlutaðeigandi stéttarfélög.

2. gr.

Laun

Dagvinnutímakaup

Dagvinnutímakaup m.v. kauptaxta skv. kjarasamningum SA og FIT/RSÍ á hverjum tíma, starfsaldurhækkarnir m.v. þrep í launatöflu sbr. neðangr.:

Byrjunarlaun: Iðnaðarmann með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi

Eftir 1 ár: Þrep 13

Eftir 2 ár: Þrep 14

Eftir 5 ár: Þrep 15

Eftir 7 ár: Þrep 16

Eftir 10 ár: Þrep 17

Almennar launahækkanir eru í samræmi við kjarasamninga RSÍ/FIT út samningstímann og hækka allar greiðslur í samræmi við það að minnsta kosti.

Samningsaðilar eru sammála um að fella út gr. 2.2. Rekstraröryggisgjald og á móti því fellur brott ákvæði um að samningsaðilar tryggi hnökralausa starfsemi, m.ö.o. takmörkun á ver�fallsheimild starfsmanna fellur brott og geta því starfsmenn lagt niður störf (boðað til ver�falla) í samræmi við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

BM

JJ, *

3. gr.

Vinnulotur

Auk þeirra vinnukerfa sem kveðið er á um í kjarasamningum þeirra félaga og sambanda sem aðild eiga að samkomulagi þessu, er heimilt að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfellt í allt að 7 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 30. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 16 þann 10. júní 2020.

Byrjunarlaun kjarasamnings þessa miðast við iðnaðarmann með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi samkvæmt kjarasamningum SA og FIT/RSÍ. Samkomulag er um að launataxtar kjarasamningsins taki þeim hlutfallslegu breytingum sem sá kauptaxti tekur við hverja endurnýjun kjarasamninga SA og FIT/RSÍ. Hækkun kauptaxtans gildir hvað þennan samning varðar frá þeim tíma er hann fellur úr gildi, ef endurnýjunin á sér stað eftir 30. nóvember 2022. Almennar hækkanir, kjarabætur og eingreiðslur sem um er samið í kjarasamningum SA og FIT/RSÍ skulu jafnframt koma til framkvæmda hjá aðilum þessa samnings.

Þann 1. desember 2022 mun tímakaup hækka um 2,0%. Þessi hækkun skal falla inn í upphafshækkun við endurnýjun kjarasamnings þessa árið 2022 og verður þá upphafshækkun þess kjarasamnings sem við tekur 2,0% lægri en ella hefði orðið.

5. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp gildir það sama um samning þennan.

6. gr.

Aukin iðgjöld í lífeyrissjóði


Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð er 11,5%

Reykjanesbær 27. maí 2020

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. Félags iðn- og tæknigreina



F.h. Verne Global hf.



Laun

2.1. Dagvinnutímakaup

| | 01/04/2019 | 01/04/2020 | 01/01/2021 | 01/01/2022 |
|---------------------|------------|------------|------------|------------|
| Byrjunarlaun | 2.440,71 | 2.818,75 | 2.968,75 | 3.125,00 |
| eftir 1 ár | 2.660,37 | 3.072,44 | 3.235,94 | 3.406,25 |
| eftir 2 ár | 2.709,19 | 3.128,81 | 3.295,31 | 3.468,75 |
| eftir 5 ár | 2.806,81 | 3.241,56 | 3.414,06 | 3.593,75 |
| eftir 7 ár | 2.855,63 | 3.297,94 | 3.473,44 | 3.656,25 |
| eftir 10 ár | 2.904,44 | 3.354,31 | 3.532,81 | 3.718,75 |

